



Borgarráð

Reykjavík, 7. apríl 2025

MSS25030144

Tillögur vegna aðalfundar Orkuveitu Reykjavíkur

Boðað hefur verið til aðalfundar í Orkuveitu Reykjavíkur föstudaginn 11. apríl 2025 í samræmi við 5. gr. sameignarsamnings félagsins sem gerður er á grundvelli 5. gr. laga um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 136/2013. Í samræmi við lið 4.4 í Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar þarf samþykki borgarráðs til beitingar réttinda eigandafyrirsvars vegna framlagðra tillagna.

Eftirfarandi tillögur verða lagðar fram til afgreiðslu á aðalfundi OR:

3. Ákvörðun um arðgreiðslur til eigenda OR og um aðra meðferð hagnaðar eða taps Orkuveitu Reykjavíkur á reikningsárinu.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið starfsár.
5. Lýsing á kjöri stjórnar.
6. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.

Lagt er til að tillaga nr. 3 verði samþykkt. Arðgreiðsla verði því allt að fjárhæð 6.500 milljónir króna eða rúmlega 2,4% af eigin fé í árslok 2024 og 70% af hagnaði ársins.

Lagt er til að tillaga nr. 4 verði felld hvað varðar hækkun á stjórnarlaunum. Ekki eru gerðar athugasemdir við greiðslu fyrir aukafundi. Lögð er fram ný tillaga, að hækkun á stjórnarlaunum verði 3%, í stað 6,4%.

Varðandi tillögu 5 þá leggur tilnefningarnefnd Reykjavíkurborgar fram tilnefningar í kjör stjórnar og varastjórnar Orkuveitu Reykjavíkur fyrir borgarráð. Þá er lagt til að tillaga 6 verði samþykkt.

Málið er trúnaðarmál fram yfir aðalfund Orkuveitu Reykjavíkur sem haldinn verður 11. apríl 2025.

Heiða Björg Hilmissdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Fundargögn aðalfundar OR 2025, dags. 28. mars 2025.



Reykjavík



Reykjavík, 28. mars 2025

Til eigenda og stjórnarmanna Orkuveitu Reykjavíkur

Efni: Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur 2025

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur verður haldinn föstudaginn 11. apríl 2025 kl. 13:00. Fundurinn verður haldinn að Bæjarhálsi 1.

Dagskrá aðalfundar Orkuveitunnar:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi OR síðastliðið starfsár.
[76318b7e-895d-487e-96a5-990f70da68b9](#) (bls. 10-72)
2. Ársreikningur OR 2024 ásamt áritun ytri endurskoðanda fyrirtækisins lagður fram til staðfestingar.
[76318b7e-895d-487e-96a5-990f70da68b9](#) (bls. 73-129)
3. Ákvörðun um arðgreiðslur til eigenda OR og um aðra meðferð hagnaðar eða taps Orkuveitu Reykjavíkur á reikningsárinu.
Stjórn Orkuveitunnar samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu að fjárhæð 6.500 milljónir króna eða rúmlega 2,4% af eigin fé í árslok 2024 og 70% af hagnaði ársins.
Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2024-2026.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið starfsár.
Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um að stjórnarlaun hækki sem nemur hækkun launavísitölu milli ára eða 6,4%. Samkvæmt því nemi stjórnarlaun aðalmanna 231.412 kr. (voru 217.493, 2024) á mánuði en varamanna helming þeirrar fjárhæðar fyrir hvern fund. Ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í mánuði skal greitt sérstaklega fyrir hvern aukafund, sem er haldinn umfram reglubundna stjórnarfundum skv. starfsáætlun stjórnar, sem nemur helmingi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna. Ekki verði greitt fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári
5. Lýsing á kjöri stjórnar.
Handhafar eigendavalds upplýsi um ákvarðanir um kjör stjórnarfólks, sbr. 6. gr. sameignarsamnings.



6. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að leggja til við aðalfund að Grant Thornton endurskoðunarfyrirtæki verði kosið endurskoðunarfélag Orkuveitu Reykjavíkur árið 2025.

7. Umræður um önnur mál, löglega upp borin.

Samkvæmt 5. gr. sameignarsamnings Orkuveitunnar er aðalfundur opinn kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum eigenda og fjölmiðlum. Tillögu- og atkvæðisrétt á aðalfundi hafa handhafar eigendavalds Orkuveitunnar. Málfrelsi á aðalfundi hafa fulltrúar í sveitarstjórnnum eigenda, stjórn, forstjóri, endurskoðendur og formaður Starfsmannafélags Orkuveitunnar.

Samkvæmt 6. gr. sameignarsamnings Orkuveitunnar skal stjórn skipuð sex mönnum, fimm kjörnum af borgarstjórn Reykjavíkur og einum kjörnum af bæjarstjórn Akraness. Borgarstjórn Reykjavíkur kýs formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi fulltrúa Reykjavíkurborgar. Sveitarstjórn Borgarbyggðar skal heimilt að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa í stjórn með málfrelsi og tillögurétt.

Varamenn, jafnmargir, skulu kjörnir á sama hátt og aðalmenn. Kjörtímabil stjórnarinnar er eitt ár í senn, frá aðalfundi OR á viðkomandi ári til aðalfundar á næsta ári.

Sveitarstjórnir skulu skv. framangreindu hafa gengið frá kjöri stjórnar fyrir aðalfund, sbr. 6. lið dagskrár aðalfundar.

Virðingarfyllst,

Gylfi Magnússon,
stjórnarformaður